

Ársfundur Fjár-og hjarðhundadeildar, 14.febrúar 2019.

Í stjórn sitja: Hilmar Sigurgíslason (formaður), Guðríður Eva Þórarinsdóttir(ritari), Ólafur Smári(gjaldkeri), Heidi Line Olsen(meðstjórnandi) og Svava Björk Ásgeirsdóttir(meðstjórnandi).

Allir stjórnarmeðlimir eru mættir fyrir utan Ólaf Smára sem boðaði forföll.

Fundurinn er frekar fámennur þrátt fyrir að hafa verið auglýstur og áminning send út daginn áður á samfélagsmiðlum.

1. Kosning fundarstjóra og ritara – Svava Björk býður sig fram sem ritara og Guðríður sem fundarstjóri. Það er samþykkt af viðstöddum.
2. Viðurkenningar veittar fyrir stigahæstu hunda og ræktendur deildarinnar árið 2018.
 - a. Viðurkenningar veittar fyrir hverja tegund fyrir sig.
 - b. Stigahæsti ræktandinn Gunnarsholtsræktun með 30 stig.
 - c. Stigahæsti hundur deildar er ástralski fjárhundurinn Allmark La La land.
3. Skýrslur tengiliða
 - a. Systa Atla tengiliður australian shepherd les upp skýrslu sína. Þrjú got á árinu. 8 hvolpar samtals. 4 innfluttir hundar á árinu. 21 augnskoðaðir, fjórir hundar mjaðmamyndaðir og án mjaðmaloss. Fimm hundar hlutu titilinn íslenskur meistari. Tveir hundar hlutu titilinn alþjóðlegur meistari. Tveir hundar hlutu titilinn íslenskur öldungameistari. Þrjú hundar urðu íslenskir ungliðameistarar. Tveir hundar hlutu titilinn RW- 18. Tveir hundar voru jafnir að stigum eftir árið, Allmark La La Land & Víkur American Beauty, en þegar stig frá deildarsýningu voru talin með var það Allmark La La Land sem er stigahæsti hundur tegundar 2018. Stigahæsti ræktandi er Heimsendaræktun. Einn hundur tók þátt í bronsprófi og náði bronsmerki. Tengiliður talar um nýbreytni HRFÍ varðandi skráningar á netinu af eigendum sjálfum og sé spennandi að tæknin sé notuð í þessum efnum. Tengiliður hefur starfað í 8 ár en hefur nú ákveðið að láta af störfum. Tengiliður segir af sér og skilar af sér þeim gögnum sem hún hefur undir höndum.
 - b. Guðrún tengiliður border collie les upp skýrslu sína. Nokkrir hundar voru mjaðmamyndaðir og allir án mjaðmaloss. Einn hundur varð íslenskur meistari, einn sýningarmeistari, RW-18 titilinn hlutu tveir hundar. Stigahæstir í deild voru jafnar að stigum með 4 stig þær Heimsenda Hugmynd og Orku Black Liquerice. Garðheimakynning var sótt á árinu, hvorki smalaþróf né smalaeðlipróf. Hlýðniprof stóðust tveir hundar.
 - c. Guðríður les upp skýrslu frá tengilið australian cattledog í fjarveru hans. Eitt got hefur verið í tegundinni og er það got orðið eins árs gamalt. Árangur af

sýningum hefur verið góður. Þátttaka í sýningum með minnsta móti. Átta hundar eru í tegund á landinu.

- d. Guðríður tengiliður collie rough og collie smooth er ekki á staðnum, Hilmar les skýrslu frá henni. Árið 2015 var gefið leyfi til að para snögghærða og síðhærða collie hunda án skilyrða. Á árinu fæddust afkvæmi undan síðhærðum og snögghærðum. Þrátt fyrir að stjórn HRFI hafi gefið leyfir fyrir pörun milli feldgerða árið 2015 hefur skrifstofa ekki gefið út ættbækur og sendi út kæru til síðanefndar. Nokkrir collie hundar mættu í augnskoðun. Fólk hittist af og til og fer í göngur.
- e. Lilja Dóra tengiliður shetland sheepdog les skýrslu sína. Lifandi hundar eru 81. Þrjú got voru á árinu. Nokkrir féllu frá á árinu. Vísar áhugasömum á heimasíðu deildar, www.sheltie.is. Árangur á sýningum hefur verið góður. Einn hundur lauk bronsprófi í hlýðni. Árangur í hundafimi þarf að skoða því hann hefur ekki verið tilkynntur sérstaklega frekar en hjá öðrum tengiliðum. Augnskoðanir hafa gengið vel. Tekist hefur að uppræta PRA í tegund svo nú eru félög á norðurlöndum að fella niður augnskoðun í þessari tegund. Nú stendur yfir endurskoðun á regluverki um skráningu í ættbók. Endurskoðun vegna pörunar á merle hunda þarf að fara fram.
- f. Skýrsla lesin upp frá tengilið briard, Valdísi Rúnarsdóttur. Á árinu varð einn hundur ungliðameistari, einn íslenskur meistari, einn alþjóðlegur meistari. Engin gögn liggja fyrir um próf eða skapgerðarmat frá árinu 2017. Augnskoðaðir og mjaðmamyndaðir voru þrír hundar. Eitt got var á árinu, 9 hvolpar. Enginn innflutningur. 38 hundar í tegund eru skráðir hjá félaginu. Stórhundadagar í Garðheimum, eigendur fá þakkir fyrir að mæta. Enginn hittingur var skipulagður á þessu ári. Valdís býður sig ekki fram áfram sem tengiliður.
- g. White swiss shepherd – tengiliður Hjördís Helga Ágústsdóttir. Anna Þórunn les upp skýrslu. Ekkert got á árinu. Þrír hundar voru innfluttir á árinu. Enginn hundur augnskoðaður, einn hundur mjaðma- og olnbogamyndaður. Tveir hundar urðu Norðurljósameistarar, tveir hundar íslenskir meistarar, einn hundur ungliðameistari.
- h. Vantar skýrslur frá old english sheepdog og corgi.

4. Skýrsla stjórnar

Hilmar les upp skýrslu stjórnar. Stjórnarkjör, kjörtímabili tveggja lýkur, Hilmar og Svövu. Svava býður sig áfram fram en ekki Hilmar. Stjórnin hélt fjóra formlega stjórnarfundum á árinu og notast einnig við lokað fésbókarsvæði til samskipta. Á útisýningu útvegaði deild fólk við vinnu, tengiliðir deildar hafa séð um að manna sýningu. Auk þess var óskað eftir ársskýrslum.

Virkja þarf tengiliði fyrir allar tegundir. Nú þarf að kjósa tengiliði og þá eru tengiliðir ekki starfsmenn stjórnar eins og áður var. Kosnir á ársfundi og heyra undir HRFÍ. Stigahæstu hundar deildar taldir upp. Garðheimakynning ávallt gengið vel. Smalaeðlipróf ekki haldið vegna dræmrar þátttöku. Nokkrir hundar tóku þátt í brons og hlýðniprofi á árinu, bronsprófi luku þrír hundar. Tveir hundar luku hlýðni. Einn hundur lauk sporaprófi. Sagt frá sýningum ársins og deildarsýningu sem tókst í alla staði mjög vel. 446 hundar voru sýndir frá deild á árinu. 195 virkir eigendur í deildinni og skráðir hundar eru 676 skv. Félagatali HRFÍ 2018

5. Ársuppgjör frá gjaldkera

- a. Hilmar les upp skýrslu gjaldkera. Inneign á reikning 345.984 kr. Tekjur ársins 93.431 kr. samtals 439.415 kr inneign. Skýrsla er borin undir og samþykkt af viðstöddum.

6. Kosningar tengiliða allra tegunda

- a. Spurning úr sal, Lára Birgisdóttir spyr hvort hægt sé að snúa þessu til baka líkt og áður var, að stjórn fjár-og hjarð myndi velja tengiliði deildar. Tækifæri til að kjósa um þetta á næsta ársfundi. Stjórn sendi inn á sínum tíma athugasemd um að hver tengiliður yrði þá kosinn til lengri tíma en eins árs.
- b. Australian cattle dog – Jóhanna Magnúsdóttir heldur áfram.
- c. Australian shepherd – Edward Birkir og Sigurlaug Rósa Dal Christensen bjóða sig fram.
 - i. Atkvæði 11 talsins.
 - ii. Edward – 1111 : 4 stig
 - iii. Sigurlaug Rósa -1111111 : 7 stig og er kosin nýr tengiliður tegundar.
- d. Bearded Collie – Ástríður Magnúsdóttir
- e. White Swiss – Hjördís Helga Ágústsdóttir heldur áfram.
- f. Border Collie – Guðrún Sigurðardóttir heldur áfram.
- g. Briard – Stella hafði samband og gaf kost á sér. Ekki hægt að kjósa þar sem enginn eigandi er á staðnum. Stjórn skoðar það.
- h. Collie – Guðríður. Stjórn þarf að hafa samband við hana.
- i. Corgi – Kristlaug Elín. Stjórn þarf að hafa samband við hana.
- j. Old english sheepdog – Anna Jónsdóttir. Stjórn þarf að hafa samband við hana.
- k. Shetland Sheepdog – Lilja Dóra sjálfkjörin og heldur áfram.

7. Kosning stjórnarmeðlima – kosið er um 2 sæti.

- a. Tvö sæti laus til stjórnar
 - i. Svava Björk býður sig fram.
 - ii. Birna býður sig fram.

- iii. Elín Lára Sigurðardóttir býður sig fram.
 - 1. Guðrún kynnir Elínu Láru skv. hennar ósk.
 - 2. Birna kynnir sig.
 - 3. Svava Björk kynnir sig.
- iv. Kosning
- v. Birna 111111111111 : 11 atkvæði.
- vi. Svava 11111111111111 : 14 atkvæði.
- vii. Elín Lára 11111 : 5 atkvæði.

8. Önnur mál

- a. Lára Birgisdóttir nefnir að það þurfi að gera eitthvað til að styrkja deildina, halda fjáröflunina og svo framvegis.
- b. Stjórn óskar eftir hugmyndum frá fólki um hvað er hægt að gera.
- c. Kristinn Hákonarson spyr um hvar hlutirnir séu auglýstir. Það þarf að opna meira. Stjórn svarar að hún notist mest við síðu fjár – og hjarðhundadeildar á facebook. Virkja þurfi heimasíðu deildar enn frekar.
- d. Umræða um uppskeruhátíð – happdrætti. Fólk þarf að leggja stjórn lið, safna þarf vinningum fyrir uppskeruhátíð og það þarf að gera það tímanlega. Margar hendur vinna létt verk.
- e. Spurt um peninga í sjóði, hvernig á að nota þá. Fram kemur að vanti nýjar girðingar fyrir smalaeðlipróf.
- f. Lára Birgisdóttir kallar eftir betra skipulagi á viðburðum frá stjórn. Hvað á að plana. Hún vísar í að þegar hún var formaður gerði hún alltaf skýrslu um hvað næsta ár hafði upp á að bjóða. Skipulag fyrir fólk fram í tímann. Það þurfi ekki að vera mikið en gott. Stjórn tekur þessari ábendingu vel og mun reyna að koma til móts við óskir fólks.
- g. Lára Birgisdóttir opnar umræðu um tengiliði. Hún spyr hvort framtíðin verði þannig að það þurfi enga tengiliði. Umsvifin verða eflaust minni en tengiliðir hafa samt vissu hlutverki að gegna svarar stjórn.
- h. Lára Birgisdóttir spyr hvort áhugi sé hjá fólki um að splitta deild upp.
- i. Umræður um að fá sérsýningar fyrir tegundir. Áhugi fyrir því að sérfræðingur taki hundana út. Gæti verið í tengslum við aðrar sýningar, sitt hvor dómarinn. Gæti líka verið í tengslum við námskeið hjá viðkomandi sérfræðingi. Þetta mun stjórn m.a. skoða.

9. Fundi slitið kl. 21:54.